



Samstarfssamningur Flóahrepps og Ungmennafélagsins Þjótanda

Sveitarfélagið Flóahreppur kt. 600606-1310, í samningnum hér eftir nefnt Flóahreppur, og Ungmennafélagið Þjótandi kt. 590116-2030, í samningnum hér eftir nefnt Þjótandi, gera með sér svofelldan samning um æskulýðsstarf í sveitarfélaginu:

1. gr.

Samningi þessum er ætlað að styðja við og efla samstarf milli Flóahrepps og Þjótanda og tryggja öflugt íþróttá, tómstunda- og æskulýðsstarf fyrir börn og unglinga í sveitarfélaginu. Samningnum er ætlað að tryggja enn frekar starfsemi Þjótanda, enda gegnir félagið mikilvægu hlutverki í forvarnarstarfi innan sveitarfélagsins í nánú samstarfi við þær nefndir sveitarfélagsins sem fara með ofangreind málefni svo sem íþróttá- og æskulýðsmál og málefni ungmenna.

2. gr.

Samstarfssamningurinn felur í sér árlegan styrk frá Flóahreppi til Þjótanda sbr. ákvörðun sveitarstjórnar. Við upphaf samnings, 1. janúar 2026, er samningsupphæð 2.000.000 kr og skal sú upphæð uppfærast árlega samkvæmt vísitölu neysluverðs og miðast uppfærsla við vísitölu októbermánaðar.

Akstur á æfingar barna innan skólatíma Flóaskóla og frá skóla að íþróttaaðstöðu í lok skóladags skal vera hluti af samningi þessum. Reikningar frá þeim sem sinnir akstri skal senda beint á Flóahrepp og gengur upphæð fyrir akstur upp í árlega samningsupphæð. Eftistöðvar samnings, umfram aksturinn, skal berast frá Flóahreppi til Þjótanda eigi síðar en 20. desember ár hvert og skal stjórn Þjótanda ráðstafa þeirri upphæð í starf félagsins eftir markmiðum þess, starfsáætlunum og ákvæðum þessa samnings.

3. gr.

Fyrir öll sértæk verkefni Þjótanda, s.s. ýmsa menningartengda viðburði, skal sækja um styrk til Flóahrepps hverju sinni og eru þær styrkveitingar óháðar samningi þessum. Ekki verða veittir styrkir til verkefna Þjótanda sem eru hluti af almennri fjáröflun félagsins.

4. gr.

Þjótandi hefur aðgang að íþróttaaðstöðu og félagsheimilum Flóahrepps endurgjaldslaust fyrir íþróttir og almennt félagsstarf. svo sem aðalfund og stjórnarfund.

Bókanir vegna íþróttá- og alls félagsstarfs skulu fara fram í gegnum starfsmann sem sinnir bókunum í húsin hverju sinni og haldið skal utanum notkun sem innri leigu hjá sveitarfélaginu. Gert er ráð fyrir því að Þjótandi skili aðstöðu og búnaði eins komið er að því og í samráði við starfsmenn á fasteignasviði.

Þjótandi greiðir leigu vegna fjáröflunarviðburða s.s. skötuveislu, Flóahlaups, bingó eða annarra skilgreindra fjáröflunarviðburða og skal upphæð fara eftir gildandi gjaldskrá hverju sinni. Heimilt er að óska eftir lækkun á húsaleigu vegna sérstakra aðstæðna og skal sótt um lækkun til sveitarstjórnar Flóahrepps.

Flóahreppur sér um slátt á íþróttá- og æfingasvæði við Þjórsárver og að lágmarki einu sinni á sumri í Einbúa.

HLA
GBS



5. gr.

Þjótandi annast útgáfu fréttabréfsins Áveitunnar sem dreift er á öll heimili í Flóahreppi. Flóahreppur sér fyrir aðstöðu og greiðir fyrir pappír, prentun og dreifingu fréttabréfsins enda litið svo á að það sé upplýsingaveita um ýmis málefni sveitarfélagsins til íbúa.

6. gr.

Þjótandi skuldbindur sig til að skila samþykktum ársreikningi félagsins, undirrituðum af skoðunarmanni reikninga, til Flóahrepps eigi síðar en viku eftir aðalfund félagsins. Í ársreikningi skulu koma sundurliðaðar upphæðir um tekjur og gjöld ásamt efnahagi félagsins sem sýnir eign félagsins.

Til viðbótar ársreikningi skal fylgja skýrsla um nýtingu fjármunanna og annáll yfir helstu starfsemi félagsins.

Styrkveitingar eru háðar ofangreindum skilum á reikningum og skýrslum.

7. gr.

Samningur þessi er ótímabundinn og tekur gildi 1. janúar 2026. Hvor samningsaðili getur sagt samningnum upp eða óskað endurskoðunar á honum með 6 mánaða fyrirvara, en þó ekki fyrir en að 12 mánuðum liðnum frá gildistöku hans.

8. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili einu eintaki.

Flóahreppi 23.12.2025

f.h. Flóahrepps


Hulda Kristjánsdóttir
Sveitarstjóri Flóahrepps

f.h. Ungmennafélagsins Þjótanda


Guðmunda Bríet Steindórsdóttir
Formaður Þjótanda